



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

TALNABRUNNUR

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðistölfraði

2. árg. 7.–8. tölublað. Júlí–Ágúst 2008.

EFNI:

Samskipti og sjúkdómsgreiningar í heilsugæslunni 2006 **bls. 1**

Breytt fyrirkomulag vistunarmats virðist gefa góða raun **bls. 2**

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir sviðsstjóri, ábm.

Anna Björg Aradóttir
Matthías Halldórsson
Svanhildur Þorsteinsdóttir

Ritstjóri
Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ HEILBRIGÐISTÖLFRAÐISVIÐ

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildir getið.

SAMSKIPTI OG SJÚKDÓMSGREININGAR Í HEILSUGÆSLUNNI 2006 – NORRÆNN SAMANBURÐUR

Landlæknisembættið miðlar reglulega tölfraðilegum upplýsingum til aðþjóðagagnagrunna. Meðal þeirra er norrænn tölfraðigrunnur hjá [NOMESCO](#) (*Nordic Medico-Statistical Committee*). NOMESCO hóf nýlega að safna upplýsingum um fjölda viðtala við lækna í heilsugæslu eftir aldri þeirra sem þangað leita. Á myndinni hér að neðan eru birtar upplýsingar frá þremur Norðurlöndum, Íslandi, Danmörku og Finnlandi.

Samskipti við heilsugæslu

Viðtöl við lækna í heilsugæslunni árið 2006 voru flest í Danmörku, eða 3602 á 1000 íbúa. Á Íslandi voru viðtöl alls 2717 á 1000 íbúa, en fæst voru viðtölin við lækna á heilsugæslustöðvum í Finnlandi, alls 1719 á 1000 íbúa. Tölur fyrir Danmörku og Finnland eru áætlaðar fyrir allt landið út frá skráningu á nokkrum stöðum, en tölur frá Íslandi byggja á skráðum viðtölum frá öllum heilsugæslustöðvum á landinu.

Hafa ber í huga að enda þótt margt sé líkt með heilbrigðiskerfum Norðurlanda er uppbygging þeirra að ýmsu leyti ólík og taka verður tillit til þess við samanburð á fjölda viðtala við lækna.

Í Danmörku eru læknastofur þar sem oftast er aðeins einn heimilislæknir sem

er jafnframt eigandi læknastofunnar. Á læknastofunni starfa stundum læknaaritari og/eða hjúkrunarfræðingur. Í Danmörku fara einstaklingar alla jafna fyrst til heimilislæknis áður en þeir leita til sérfræðilæknis og gæti það skýrt að hluta til af hverju viðtöl við heimilislækna eru flest í Danmörku.


Í Finnlandi eru heilsugæslustöðvar með svipuðu sniði og á Íslandi. Þar er veitt margs konar þjónusta, allt frá lækni- og hjúkrunarþjónustu til forvarna, rannsóknarstofuþjónustu og jafnvel sérfræðiþjónustu. Heilsugæslustöðvar í Finnlandi eru ýmist reknar af sveitarfélagi eða eru einkareknar.

Heilsugæslan á Íslandi sinnir ung- og smábarnavernd, þ.m.t. bólusetningum. Það kann að skýra hvers vegna viðtöl á 1000 íbúa eru fleiri í yngstu aldurshópnum á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum.

Að öðru leyti fylgir samskiptatíðni við heilsugæslulækna eftir aldri svipuðu mynstri í löndunum þremur. Flest eru samskiptin hjá yngstu aldurshópnum, þeim fækkar þegar nær dregur unglings- og fullorðinsárum, fjölgar aftur þegar líður á fullorðinsárin en fækkar síðan aftur í elstu aldurshópnum. Ástæða þess er væntanlega sú að hluti aldraðra er þá kominn inn á hjúkrunar- eða dvalarheimili og nýtur heilbrigðisþjónustu þar frekar en hjá heilsugæslunni.

Sjúkdómsgreiningar

NOMESCO hefur einnig kallað eftir upplýsingum um sjúkdómsgreiningar í heilsugæslu. Í töflu á bls. 2 er gerð grein fyrir nokkrum flokkum sjúkdómsgreininga í heilsugæslu á Íslandi árið 2006. Í þemahefti



(Framhald bls. 2)

*Flest eru samskiptin
hjá börnum undir
4 ára aldri, þeim
fækkar á unglings-
og framan af
fullorðinsárum, en
fjölgar síðan aftur
verulega eftir
64 ára aldur.*

ritsins *Health Statistics in the Nordic Countries 2004*, sem NOMESCO gaf út, var gerð ítarleg grein fyrir skiptingunni í hverju landi.

Í töflunni hér til hliðar sést að algengustu sjúkdómar sem koma til kasta heilsugæslunnar á Íslandi eru sýkingar í öndunarvegum, þ.m.t. eyrnabólga, alls 17,4 %. Einnig er eftirtektarvert að fjórir aðrir sjúkdómahópar eru með milli 5–10% af heildarfjölda greininga, þ.e.a.s. geðræn vandamál, háþrýstingur, slys og áverkar auk bólusetninga, heilsufarsskoðana og annarra forvarna.

Lilja Bjarklind Kjartansdóttir

Sjúkdómsgreiningar í heilsugæslu á Íslandi 2006 Hlutfallsleg skipting

	%
Sýkingar í öndunarvegum, þ. m. t. eyrnabólga	17,4
Asmi	1,5
Stoðkerfissjúkdómar, festumein og sinabólga, m.a. í hálsi og öxlum	2,5
Mjóbaksvandamál	1,1
Geðræn vandamál	9,2
Bráðaofnæmissjúkdómar og ofnæmisvandamál	1,0
Háþrýstingur	6,0
Blóðþurrðarhjartasjúkdómur og hjartsláttarglöp	2,3
Sykursýki	1,2
Krabbamein	0,6
Kvensjúkdómar og tengd erindi	1,4
Starfræn vandamál meltingarfæra	4,6
Húðsýkingar	3,7
Þvagfærasjúkdómar (krabbameinum og áverkum sleppt)	2,5
Slys og áverkar	6,7
Þungun, kynlífsheilbrigði	2,7
Bólusetningar, heilsufarsskoðanir og aðrar	7,1
Aðrar greiningar	28,6
Alls	100,0

BREYTT FYRIRKOMULAG VISTUNARMATS VIRÐIST GEFA GÓÐA RAUN

Allt frá árinu 1990 hefur þurft vistunarmat fyrir búsetu á hjúkrunarheimili. Samkvæmt reglugerð nr. 1262/2007 um vistunarmat fluttist gerð þess frá sveitarfélögum til ríkisins 1. janúar síðastliðinn og er það nú á höndum sjö vistunarmatsnefnda sem hafa aðsetur hver í sínu heilbrigðisumdæmi. Helstu markmið með breytingunum eru að:

- Fá betri yfirsýn og eftirlit með vistunarmati á landsvisu.
- Ná fram jafnræði milli einstaklinga og svæða.
- Styttu biðlista.

Aflað er ítarlegra heilsufarsupplýsinga svo hægt sé að forgangsræða þannig að þeir sem eru í brýnustu þörfinni gangi fyrir þegar til úthlutunar hjúkrunarrýmis kemur. Lögð er



áhersla á að samræmis sé gætt við gerð vistunarmats hvarvetna á landinu þannig að faglegar og samanburðarhæfar niðurstöður fái.

Ekki er komin löng reynsla á þetta nýja fyrirkomulag og því nokkuð erfitt að fullyrða hver árangur þessara breytinga er þegar litið er til landsins í heild. Hins vegar má nú þegar merkja nokkurn árangur á höfuðborgarsvæðinu, einkum er varðar veikustu einstaklingana.

Sem dæmi má nefna að fyrir breytingarnar biðu alla jafna um 100 einstaklingar á Landspítala eftir langtímabúsetu á hjúkrunarheimili, einstaklingar sem höfðu lokið meðferð en voru of veikburða til að útskrifast og þurftu því aðhlyningu á hjúkrunarheimili. Samkvæmt þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir eru að jafnaði um 30 einstaklingar í þessari aðstöðu eins og er. Þessi fækkun hefur leitt af sér að dregið hefur úr álagi á legudeildum Landspítala auk þess sem aldraðir einstaklingar flytjast nú fyrir yfir í hlýlegra umhverfi og á þjónustustig við hæfi.

Þennan árangur má eflaust rekja til breytts verklags við gerð vistunarmats og aukinnar samvinnu vistunarmatsnefnda og öldrunarstofnana.

Þorbjörg Guðmundsdóttir

*Áður biðu jafnan
um 100 manns á
Landspítala eftir vist á
hjúkrunarheimili á
höfuðborgarsvæðinu
en nú eru
að jafnaði um 30
einstaklingar í
þessari aðstöðu.*